

**77. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmaunsins yfir vesturumdæminu, um verzlunarskýrslur.**

1864.  
27. ágúst.

Böving sýslumaður í Snæfellsnessýslu hefir spurt um, hvort bréf dómsmálastjórnarinnar 30. d. septemberm. f. á. um breyting á forminu á hinum fyrirskipuðu árlegu skýrslum um aðfluttar vörur til Íslands og útfluttar vörur þaðan, eigi að skiljast á þann hátt, að hèreptir beri ekki að senda stjórninni lista um verðlag á vörunum og um vörueptirstöðvar á verzlunarsstöðunum.

Útaf þessu skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér auglýsið það Böving sýslumanni, að með fyrgreindu bréfi dómsmálastjórnarinnar er engin breyting gjörð á hinum eldri reglum um að senda verðlagslista og eptirstöðvaskrár.

Þarsem Böving sýslumaður þaradauki hefir beðið um, að sèr yrðu send nokkur exemplör af útdrætti þeim, er innanríkisstjórnin fyrrum lét prenta, af hinum helztu lagaboðum um verzlunina á Íslandi, þá skal því við bætt, að embættismanni þessum hafa beina leið hédan verið send 15 exemplör af útdrætti þessum.

**78. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um reka á Brekku í Stranda-sýslu.**

22. sept.

Indriði alþingismaður Gíslason á Hvoli í Dalasýslu hafði farið fram á, að hann eptir staðfestum máldögum ætti, sem eigandi kirkjunnar á Hvoli, tilkall til sjöttungs úr hvalreka á fjörum jarðarinnar Brekku í Stranda sýslu millum Hundsvörðu og Stiga og þriðjungs víðarreka millum Hundsvörðu og Kirkjulækjar; en helming jarðar þessarar á Skarðs kirkja, en hinn helminginn ríkissjóðurinn; hafði þér, herra amtmaður, fyrir þessa sök beðið um úrskurð stjórnarráðsins um það, hvort eptirláta skuli greindum Indriða Gíslasyni rekaítök þau, er hann þannig gjörir tilkall til, eður ekki.

1864.  
22. sept. Eptir að stjórnarráðið nú er búið að fá ítarlegri skýrslur um málið með bréfi yðar, dags. 1. dag febrúarm. þ. á., þá skal yður nú kunngjört yður til leiðbeiningar, að eptir því, sem enn er fram komið í málinu, virðist dómsmálastjórninni ekki vera næg ástæða til að sleppa ríkissjóðsins vegna rekaltökum þeim, sem hér er um rætt. 7 fylgiskjöl eru með bréfi þessu.

22. sept. **79. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins og amtmannanna á Íslandi, um skil sýslumanna fyrir tekjum.**

Með því þess hefir vart orðið, þegar saminn hefir verið sá kafinn, er Ísland snertir, af ríkisreikningunum fyrir hin síðari fjárhagsárin, að sýslumennirnir á Íslandi stundum hafa brotið á móti því, sem fyrir er mælt í bréfi innanríkisstjórnarinnar 13. d. janúarm. 1854 og bréfi dómsmálastjórnarinnar 5. d. júlím. 1861, þegar þeir hafa borgað tekjur þær, sem þeir hafa undir höndum, þarsem þeir ekki hafa tilgreint, svo sem vera ber, fyrir hvaða tekjum sèu gjörð skil með fè því, er þeir í hvert skipti borga, þá skorar dómsmálastjórnin hère með á yður, herra (tit.), eptir undirlagi rannsóknarmanna ríkisreikninganna, að skýra stjórnarráðinu frá, hvenær fjársektir að undanförmu hafa verið við hafðar í súðurumdæminu (vesturumdæminu, — norður- og austurumdæminu) samkvæmt fyrgreindu bréfi dómsmálastjórnarinnar, til að neyða hlutadeigendur til að hlýðnast boði því, sem hér er um rætt, svo og láta stjórnarráðið framvegis undireins vita af, þegar slíkum fjársektum verður beitt.

30. sept. **80. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi og amtmannsins yfir vesturumdæminu, um reikninga sýslumanna og umboðsmanna<sup>1</sup>.**

Þaræð ýmsir Íslenzkir reikningar fyrir fjárhagsárið 1863—

<sup>1</sup>) Amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu var s. d. ritað á sama hátt í bréfi, er þaradauki var um annað efni.